

## Stjórnarfundur UÍA - 23. júlí 2019 klukkan 17:30

Mættir eru Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gassi Gunnarsson, Gréta Sóley Arngrímsdóttir sumarstarfsmaður, Benedikt Jónsson, Pálína Margeirsdóttir

### Dagskrá

- **Fundargerð 03. júlí.**

Samþykkt sammála.

- **Sumarhátíð UÍA sem fram fór 12 til 14 júlí.**

- Föstudagskvöld= styrktarmót til styrktar geðheilsuteymi HAS. Skemmtilegt kvöld það söfnuðust 70,500 krónur. Kvöldið var mjög skemmtilegt og verður pottþétt endurtekið en þarf þó alls ekki að vera með nákvæmlega sama sniði að ári.
- Laugardagsmorgun = sundmót, gekk heilt yfir vel hefði mátt vera 2-3 starfsmenn í viðbót í svona hlaup og snatt og nauðsynlegt að búið sé að redda kynni. Frábært að fá reynda dómara sem voru líka sáttir eftir helgina.
- Fjallahjólakeppni, 4 keppendur gekk vel og keppendur voru glaðir. Umsjónamaður tilbúin að taka þetta að sér að ári.
- Píla= smá tjáskiptavandi, en gekk vel og var skemmtilegt, fólki fannst gaman að koma og prófa. Bæði píla og rafíþróttir voru í Nýung og það var skemmtileg blanda þar sem pílan kallaði á renneri á staðinn.
- Crossfit= smá klúður með skráningu þar sem skráning fór öll fram á staðnum.
- Folf= 6 keppendur og sjálfur formaðurinn fór á pall.
- Kökuskreytingar= gekk vel 4 einstaklingar og 6 lið voru skráð sem var passlegur fjöldi fyrir skólaeldhúsið, þemað var himingeimurinn flott þema.
- Bogfimi= um 15 keppendur mættu, fyrir fram skráning var um 9 manns en bogfimikynningin um morguninn hafði áhrif.
- Pönnubolti = gekk vel og almenn gleði
- Brennibolti= geggjað skemmtilegt og allir virtust hafa gaman æði leikmenn og áhorfendur. Þarna var fólk á öllum aldri- frábært Mjög góð staðsetning í góðu rjóðri og var leikið allan tímann sem grillið var.
- Krossnet var sett upp í Tjarnargarðinum og vakti mikla lukka
- Verðlaunaafhending of grill veisla. Ekki fór fram umræða um kolagrillið góða, en það klikkaði smá vegan rigningar og kolin því ekki tilbúin þegar til stóð.
- Frjálsar= keppendur um 130 talsins, gekk vel og er stjórn sammála um að frjálsar eigi að keyra á einum degi.
- Pútt= fámennt en góðmennt

- Danssmiðjan var felld niður.
- Boccia= engine skráning.
- Gunnar Gunnarsson formaður fór fram úr sér, varðandi bikara þá stigabikar í sundi og frjálsar, og kemur til með að bjarga sér út úr því sjálfur, stjórn hafði ekki neinar ábendingar í því sambandi.
- Það sem betur má fara er til dæmis að passa að nóg sé til af þáttökupeningum fyrir 10 ára og yngri, Almennt er stjórn sammála að vel hafi gengið og að við þurfum að passa að vera ekki of áköf í að breyta því sem í boði er þó mögulega sé ekki rosa skráning eitt árið.

- 
- Verkefni framundan.
- Urriðavatnssund. Hefð er fyrir því að starfsmenn UÍA starfi við sundið og í staðinn hafa þau verið að hjálpa okkur með Tour de orminn.

- **TDO**

Farið yfir vinnuskjalið frá 2018, athugað hver getur talað við hvern og allt virðist á réttu róli. Skráning þokkalega góð en það verður brjáláð að gera á Islandi þessa helgi og við í samkeppni við Ed Sherran, fiskidaginn, gay pride og margt fleira. En vonumst eftir betri skráningu þegar nær líður.

- **ULM 2019**

Okkar hafa borist til eyrna að skráningar af okkar svæði sé ekki góð en við erum bjartsýn á að okkar fólk skrái sig næstu daga. Rætt hvað við ætlum að gera á mótinu sem UIA og hvernig, hugmyndir sem hafa komið fram eru til dæmis sameiginlegur morgunmatur, grill, spurningakeppni og svo þarf að peppa alla að koma í bolum, göllum og með buff.

Mætum með tjaldið góða, stefnum að gera einhverja smá viðburðaskrá fyrir mót og vera almennt með pepp á facebook. Búið að ræða við björgunarsveitina, ath þarf með lögreglu og alla sjálfboðaliða, athuga hættur á leiðinni og ætla Haddur og Freyr að vera okkur innan handar með það.

- **Annað.**

Frjálsíþróttamót um miðjan ágúst sett á dagskrá Gassi ætlar að ræða við Hjördísi hvort Höttur sé með einhver plön um slíkt, ef ekki stefnum við á að keyra það í gang.

- **Önnur mál**

- Engin önnur mál, rætt um að hafa næsta fund um eða eftir miðjan ágúst, Gréta Sóley kemur til með að starfa þar til um miðjan ágúst mánuð.

Fundi slitið 19:30 fundagerð skrifðaði Pálína Margeirsdóttir